

Samkomulag um rekstur upplýsingamiðstöðvar og verkefni tengd ferðapjónustu

Sveitarfélagið Árborg, kt: 650598-2029, hér eftir nefnt Árborg og Flóahreppur, kt: 600606-1310, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um rekstur upplýsingamiðstöðvar fyrir sveitarfélögin og ákveðin verkefni tengd ferðapjónustu.

1.gr.

Flóahreppur og Árborg koma sameiginlega að rekstri upplýsingamiðstöðvar sem starfrækt er í Bókasafninu á Selfossi, Austurvegi 2 á Selfossi. Nánar er um að ræða almennan rekstur upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn sem í felst launakostnaður og annað sem tengist beint rekstri hennar. Sveitarfélagið Árborg leggur til húsnæðið.

Upplýsingamiðstöðin mun að sama skapi þjóna til jafns báðum sveitarfélögunum og þeim ferðapjónustuaðilum sem í þeim eru líkt og samræmist rekstri upplýsingamiðstöðvar.

Með vísan til 2.mgr. 92.gr. svstjl. eru báðir aðilar sammála um að rekstrarfyrirkomulag upplýsingamiðstöðvarinnar sé þannig að Árborg sér um daglegan rekstur og fellur hann undir frístunda- og menningardeild. Haldnir verða reglulegir samráðsfundir að lágmarki tvisvar á ári að hausti og vori þar sem farið er yfir rekstur og helstu verkefni og skulu ákvarðanir um rekstur upplýsingamiðstöðvar og tengd verkefni teknar á þeim samráðsfundum. Fundina sitja tengiliðir sveitarfélagana og skulu tillögur hljóta einhljóða samþykki á samráðsfundum til að koma til framkvæmda. Flóahreppur hefur fullt aðgengi að upplýsingamiðstöðinni og getur komið ábendingum og upplýsingum til skila beint til yfirmanns upplýsingamiðstöðvar. Fjárhagsleg skipting rekstursins kemur nánar fram í 2.gr. og tímalengd í 5.gr. sammings þessa.

2.gr.

Skipting kostnaðar vegna þessa sameiginlega rekstrar tekur mið af íbúafjölda 1.janúar ár hvert. Árið 2020 er íbúafjöldi í Árborg 10.055 og Flóahreppi 690.

Áætlaður rekstrarkostnaður upplýsingamiðstöðvar fyrir árið 2020 er krónur 17.300.000- og skiptist þá eftirfarandi: $17.300.000/\text{heildar íbúafjöldi sem er } 10.745 = 1.610 \text{ kr. per íbúi}$

Árborg: 1610 kr.*10.055 íbúar sem gera 16.188.550 kr.

Flóahreppur: 1610 kr. * 690 íbúar sem gera 1.110.900 kr.

Árborg sér um að greiða mánaðarlegan launa- og annan rekstrarkostnað. Greiðslum frá Flóahreppi væru skipt á 12 mánuði eða kr. 92.575- á mánuði og greiðast eftir reikning frá Árborg.

Árborg gerir áætlun um greiðslu næsta árs á hverju hausti á samningstímanum og er áætlunin tekin upp og rædd á samráðsfundi samkvæmt 1.gr. áður en hún er send formlega á sveitastjórn Flóahrepps.

3.gr.

Árborg og Flóahreppur eru sammála um að vinna saman að ákveðnum kynningarmálum líkt og bæklingum og öðru kynningarefni sem nýtist báðum aðilum í tengslum við þjónustu við ferðamenn. Þetta er liður í áframhaldandi stefnumörkum sveitarfélaganna í þessum málaflokki. Báðir aðilar eru sammála því að kostnaðarskipting við slík verkefni sé 80% Árborg og 20% Flóahreppur og vinna tengiliðir beggja aðila saman að áætlanagerð.

4.gr.

Tengiliðir Árborgar er Bragi Bjarnason, deildastjóri frístunda og menningardeildar og Ólafur Rafnar Ólafsson, atvinnu- og viðburðafulltrúi og tengiliður Flóahrepps er Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitastjóri.

5.gr.

Samningur þessi gildir frá 1.janúar 2020 og út árið 2022. Báðir aðilar eru sammála að farið verði yfir samninginn á haustfundi ár hvert og metið hvernig gangi en vilji sé hjá báðum aðilum að halda góðu samstarfi milli sveitarfélaganna. Uppsagnarfrestur á samningi þessum er þrjú mánuðir og skal uppsögn á samningnum gerð skriflega. Uppsagnafrestur byrjar að telja mánaðarmótin eftir að uppsögn hefur borist.

6. gr.

Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms sem þannig sé skipaður: Hvor aðili um sig tilnefnir einn mann í dóminn en sýslumaðurinn á Selfossi tilnefnir oddamann. Komi til málshöfðunar út af samningi þessum, er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Selfossi, xx.nóv. 2020

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

F.h. Flóahrepps

Gísli Halldór Halldórsson,
Bæjarstjóri Sv. Árborgar

Eydís Þ. Indriðadóttir,
Sveitastjóri Flóahrepps
Með fyrirvara um samþykki sveitastjórnar

Vottar:
